

Nd.

530. Framhalds-nefndarálit

um frv. til laga um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið hingað aftur frá háttv. Ed., sem hefir breytt því eigi allítið. Breytingar þessar ganga flestar í þá átt að bæta kjör hreppstjóranna, en sumar eru formsbreytingar. Laun hreppstjóranna eru flokkuð öðru vísi en var í stj.frv., sem að þessu leyti fór óbreytt hjeðan úr deildinni; gjald fyrir lögtak og fjárnám er hækkað mikið, gjald fyrir úttektir og virðingar um 1 kr. fyrir hvorn úttektar- eða virðingarmann, gjald fyrir uppboð hækkað upp í 20 kr. og við er bætt nýrri gr. (11. gr.) um afgreiðslugjald skipa á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur. Þá er og bætt við í frv. ákvæði um, að laun hreppstjóra fyrir yfirstandandi ár skuli reiknast eftir ákvæðum frv. Um aðrar brtt. þykir ekki ástæða að geta sjerstaklega.

Þótt nefndin telji sumar af breytingunum ekki til bóta, hefir hún, að einum undanskildum, sem skrifar undir með fyrirvara, orðið ásátt um, að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. eins og það liggur nú fyrir.

Alþingi, 18. ágúst 1917.

Einar Arnórsson,
formaður.

Magnús Guðmundsson,
skrifari og framsm.

Pjetur Ottesen,
með fyrirvara.

Einar Árnason.

Einar Jónsson.